

**Rannsóknir á seiðastofnum  
Húseyjarkvíslar árið 2003**

**Bjarni Jónsson  
Eik Elfarsdóttir**

**Hólum, desember 2003**

**VMST-N/0312**

## Inngangur og aðferðir

Ástand seiðastofna Húseyjarkvíslar var athugað í ágúst 2003. Markmiðið var að fá yfirlit yfir styrkleika mismunandi árganga laxa,- bleikju- og urriðaseiða og útbreiðslu þeirra í ánni. Einnig var afkoma seiðanna og vöxtur í ánni kannaður. Út frá þessum upplýsingum er lagt heildarmat á ástand fiskistofna Húseyjarkvíslar.

Rafveitt hefur verið á fjórum stöðum í Húseyjarkvísl síðustu ár ásamt því að veitt hefur verið í nokkrum grjótgörðum. Sumarið 2003 var veitt á þessum fjórum stöðum eins og venjulega, auk þriggja grjótgarða. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 175 – 770 m<sup>2</sup> á hinum hefðbundnu rafveiðistöðvum en við grjótgarðana var veitt á 10 – 49 m<sup>2</sup> svæðum. Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Reynt er að fá sem heildstæðast yfirlit yfir seiðabúskap vatnasvæðisins með rafveiðunum og því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðistaðir valdir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitalu en ekki heildarfjölda seiða:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$  (töflur 1-3).

Meðallengd og þyngd laxa- og urriðaseiða var reiknuð fyrir hvern árgang á hverri stöð (töflur 4-5 og 7-8). Reiknaður var út ástandsstuðull allra árganga laxa- og urriðaseiðanna á hverri stöð (töflur 6 og 9) en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$ .

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar árganga laxaseiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum athugunarstað og þéttleika sama árgangs á sömu

stöð: lífþyngd á  $100m^2$  = meðalþyngd (gr) \* þéttleiki á  $100m^2$  (tafla 10). Lífþyngd laxa,- bleikju- og urriðaseiða var reiknuð fyrir hvern árgang í ánni í heild og gögn tekin saman fyrir 2001 og 2003 (töflur 11-13).

Gögn um þéttleika allra árganga laxa,- bleikju og urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl árin 2001-2003 voru tekin saman (töflur 14-16) sem og meðallengd, meðalþyngd og meðalástandsstuðlar laxa- og urriðaseiða sömu ár (töflur 17-22).

### **Veiðin 2003**

Einungis er veitt á flugu í Húseyjarkvísl. Alls voru skráðir veiddir 63 laxar í Húseyjarkvísl sumarið 2003. Þar af var sleppt aftur 21 eða um þriðjung. Af kyngreindum löxum voru 32 hængar og 19 hrygnur. Flestir laxarnir voru smálaxar sem höfðu dvalið eitt ár í sjó (töflur 23-25). Góð urriðaveiði var í ánni en alls veiddust 587 urriðar og þar af var sleppt aftur í ána 226 fiskum. Einnig veiddust 27 bleikjur (tafla 23).

### **Niðurstöður rafveiða**

Rétt neðan við Reykjafoss er efsti rafveiðistaður í Húseyjarkvísl (mynd 1, staður 1). Á þessum stað var rafveitt sumarið 2003 eins og áður og veiddust þar nú fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul (0+), eins árs (1+), tveggja- (2+) og þriggja ára (3+) (tafla 1, mynd 2a). Mest veiddist af eins árs laxaseiðum en hvorki sáust vorgömul né eins árs seiði þarna sumarið áður (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0220). Engin bleikjuseiði veiddust í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2003 en töluvert af urriðaseiðum. Á efstu stöðinni veiddust vorgömul urriðaseiði í nokkrum þéttleika (tafla 2, mynd 3a).

Rafveiðistaður 2 er rétt ofan brúar við Saurbæ (mynd 1). Þar veiddust fjórir árgangar laxaseiða frá vorgömlum til þriggja ára, vorgömlu seiðin voru í mestum þéttleika en þéttleiki hinna árganganna var frekar lítill (tafla 1, mynd 2a). Töluvert fannst af vorgömlum urriðaseiðum á þessari stöð en aðeins vottur af árgömlum seiðum (tafla 2, mynd 3a).

Við Laugarhyl er rafveiðistaður 3 (mynd 1). Þar veiddust fjórir árgangar laxaseiða, þeir sömu og á stöðvunum tveimur fyrir ofan. Þéttleiki seiðanna var þó nokkuð meiri en á efri stöðvunum og var mest af eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul urriðaseiði voru í mjög miklum þéttleika á þessari rafveiðistöð en einnig var mikið af eins árs urriðaseiðum (tafla 2, mynd 3a).

Á kaflanum fyrir neðan Glaumbæ veiddist nú eitt tveggja ára urriðaseiði (tafla 2, mynd 3a) auk nokkurra hornsíla þrátt fyrir að þar væri illveiðanlegt eins og síðustu ár. Ekkert veiddist á stöðinni í rafveiðum 2001 og 2002 nema nokkur hornsíli.

Rafveitt var í tveimur grjótgörðum fyrir neðan Saurbæjarbrú. Á þeim efri veiddust þrír árgangar laxaseiða, mest var af eins árs seiðum en minna af bæði vorgömlum og þriggja ára (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill, einnig fundust eins og tveggja ára urriðaseiði (tafla 2, mynd 3b). Mun meira fannst af laxaseiðum við þennan sama grjótgarð sumarið 2002 en 2003 en urriðaseiðin voru þá færri (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0220).

Í neðri grjótgarðinum sem veitt var í neðan Saurbæjarbrúar veiddust engin laxaseiði þetta árið en sumarið 2002 veiddust bæði eins og þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2b, Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0220). Þéttleiki urriðaseiða var hinsvegar mjög mikill í rafveiðunum 2003 og langmest var af vorgömlum seiðum (tafla 2, mynd 3a).

Grjótgarðar eru einnig fyrir ofan Saurbæjarbrú og var rafveitt í einum þeirra. Þrír árgangar laxaseiða veiddust, vorgömul, eins árs og tveggja ára. Þéttleiki eins árs seiðanna var mestur en einnig var töluvert af vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2b). Urriðaseiði fundust í töluvert meiri þéttleika en sumarið 2002 og veiddist langmest af þeim vorgömlu þó einnig hafi veiðst eins og tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3a).

Reiknaður var ástandsstuðull fyrir laxaseiðin sem veiddust í rafveiðunum í Húseyjarkvísl sumarið 2003 eins og gert var fyrir seiðin sem veidust 2002. Stuðull þessi er venjulega um eða yfir 1 hjá laxaseiðum og reyndist svo vera á öllum stöðvum nema á efri rafveiðistaðnum í grjótgörðunum neðan Saurbæjarbrúar (tafla 6). Þar var stuðullinn þó nálægt 1 en hafa verður varann á því á þeirri stöð veiddust fá laxaseiði og stuðullinn því byggður á fáum einstaklingum. Á heildina litið voru ástandsstuðlar

nokkuð hærrí hjá laxaseiðunum 2003 en árið áður en svipaðir og sumarið 2001 (tafla 21). Urriðinn virtist líka í nokkuð góðum holdum miðað við síðustu ár (töflur 9 og 22). Bæði laxa- og urriðaseiðin voru ekki aðeins þyngri og í betri holdum en síðustu tvö sumur heldur höfðu þau einnig vaxið meira, voru nokkuð lengri en áður (töflur 17-20).

Vísitala lífþyngdar var reiknuð út frá þyngd og þéttleika veiddra laxaseiða á hverri stöð og reyndist hún vera mest á rafveiðistað 3 og í grjótgarðinum fyrir ofan Saurbæjarbrú (tafla 10). Lífþyngd laxaseiða virtist vera nokkuð minni en síðustu ár þrátt fyrir að þéttleiki seiða hafi verið meiri (töflur 11 og 14). Munar þar mestu um að minna var af þriggja ára seiðum sem vega þungt í lífþyngdarútreikningum. Lífþyngd urriðaseiða hafði hins vegar margfaldast milli ára enda var þéttleiki þeirra mjög mikill í grjótgördunum (töflur 3 og 13).

## Umræður

Á heildina litið var meira af vorgömlum, eins árs og tveggja ára laxaseiðum í Húseyjarkvísl sumarið 2003 en bæði árin 2001 og 2002. Aftur á móti var minna af þriggja ára laxaseiðum en árin á undan. Vorgömul laxaseiði voru vel útbreidd um ána og virðist vera um að ræða sterkasta árgang laxaseiða sem komið hefur upp í ánni í allnokkur ár. Það að minna veiddist af þriggja ára laxaseiðum getur komið til af tvennu; annarsvegar hefur gott árferði frá sumrinu 2002 til vorsins 2003 orðið til þess að seiði hafa vaxið vel og hafa í ríkara mæli gengið yngri úr ánni vorið 2003 en mörg undanfarin ár, en einnig mældist þessi árgangur ekki mjög sterkur í ánni sumarið 2002. Sterkir árgangar eins og tveggja ára laxaseiða gefa fyrirheit um að þokkalegrar göngu seiða verði að vænta úr ánni næstu ár og að seiðastofnar árinna hafi verulega rétt úr kútnum.

Þær breytingar sem hafa átt sér stað á veiðifyrirkomulagi í ánni hafa orðið til þess að draga úr sókn og auka hrygningu í ánni. Nýtt veiðifyrirkomulag í Húseyjarkvísl hefur mælst vel fyrir hjá veiðimönnum og hefur þegar átt sinn þátt í því að byggja upp laxastofna árinna á nýjan leik. Urriðaveiðin og skipuleg skráning á henni hefur einnig orðið til þess að auka verðmæti veiðinnar og gera Húseyjarkvísl að fjölbreyttari veiðiá. Til þess að urriðaveiðin nái sér virkilega á strik, nái að festast í sessi og auka framtíðarvirði Húseyjarkvíslar sem veiðiár þarf hins vegar að bæta aðstæður til silungsveiðinnar með því að hefta þann mikla framburð af aurbloñduðu vatni sem

hefur síðustu árin blandast kvíslinni á Glaumbæjareyrunum og gert ána á köflum óveiðanlega.

Samfara því að fjöldi laxaseiða er aftur að aukast í Húseyjarkvísl fara tilbúnu búsvæðin í ánni aftur að nýtast betur til að auka framleiðslugetu árinna. Búsvæðagerð í Húseyjarkvísl hefur orðið til þess að auka verulega framboð ákjósanlegra búsvæða, sérstaklega fyrir stærri seiðin. Margir þeirra grjótgarða sem í ánni eru þarfnast viðhalds til að auka virkni þeirra. Mikilvægt er að ráðast í slíkt átak á næstu misserum. Í engri á á Íslandi hefur verið búið til jafn mikið af nýjum búsvæðum fyrir laxaseiði og í Húseyjarkvísl. Slíkt á eftir að koma til góða í áframhaldandi uppbyggingu laxastofna árinna.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.

Staður	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	375	0,53	8,27	1,07	0,80
Staður 2	770	2,34	0,52	0,13	0,13
Staður 3	175	2,86	5,14	8,57	1,14
Fyrir neðan Glaumbæ	325				
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	21	4,76	9,52		4,76
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	10				
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	49	24,49	32,65	8,16	

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.

Staður nr.	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	375				
Staður 2	770				
Staður 3	175				
Fyrir neðan Glaumbæ	325				
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	21				
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	10				
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	49				

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.

Staður nr.	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	375	5,07			
Staður 2	770	9,09	0,26		
Staður 3	175	57,14	14,29		
Fyrir neðan Glaumbæ	325			0,31	
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	21	257,14	19,05	4,76	
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	10	240,00	30,00	30,00	
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	49	163,27	18,37	2,04	

**Tafla 4:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,05		2	7,65	0,62	31	11,25	0,25	4	12,77	0,47	3
Staður 2	4,86	0,31	18	8,40	0,42	4	10,90		1	13,00		1
Staður 3	5,10	1,18	5	7,70	1,18	9	10,69	0,84	15	12,25		2
Fyrir neðan Glaumbæ												
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	5,00		1	7,85		2				13,30		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú												
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	5,02	0,60	12	7,89	0,68	16	10,80	0,95	4			
Samtals	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7

**Tafla 5:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	0,85		2	5,69	1,39	31	17,95	1,99	4	24,40	3,03	3
Staður 2	1,23	0,22	18	6,63	0,90	4	15,90		1	23,90		1
Staður 3	1,94	1,40	5	6,24	3,26	9	15,68	3,25	15	21,25		2
Fyrir neðan Glaumbæ												
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,00		1	5,10		2				23,30		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú												
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,33	0,53	12	5,00	1,23	16	14,10	4,18	4			
Samtals	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7



**Tafla 6:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2003 eftir a

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,35		2	1,25	0,07	31	1,26	0,09	4	1,17	0,03	3
Staður 2	1,07	0,07	18	1,11	0,06	4	1,23		1	1,09		1
Staður 3	1,24	0,15	5	1,26	0,10	9	1,27	0,09	15	1,16		2
Fyrir neðan Glaumbæ												
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	0,80		1	0,96		2				0,99		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú												
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,01	0,09	12	1,00	0,04	16	1,09	0,07	4			
Samtals	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7

**Tafla 7:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,70	0,41	19						
Staður 2	5,63	0,57	70	8,70		2			
Staður 3	4,94	0,71	100	8,13	0,66	25			
Fyrir neðan Glaumbæ							10,80		1
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	5,97	0,57	54	9,28	0,78	4	11,70		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	5,92	0,53	24	8,73	0,75	3	10,97	0,72	3
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	5,47	0,61	80	9,19	0,59	9	12,20		1
Samtals	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6

**Tafla 8:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2003.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,33	0,37	19						
Staður 2	2,06	0,72	70	8,45		2			
Staður 3	2,00	1,32	56	7,26	1,93	25			
Fyrir neðan Glaumbæ							14,60		1
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	2,41	0,81	54	9,50	2,20	4	19,80		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	2,35	0,71	24	8,03	1,43	3	14,77	3,19	3
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,74	0,62	80	8,03	1,34	9	18,80		1
Samtals	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	3,12	6

**Tafla 9:** Meðalástandsstuðull og staðallfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2003 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,25	0,11	19						
Staður 2	1,11	0,10	70	1,28		2			
Staður 3	1,37	0,11	56	1,33	0,09	25			
Fyrir neðan Glaumbæ							1,16		1
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,09	0,14	54	1,18	0,08	4	1,24		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,10	0,11	24	1,21	0,11	3	1,11	0,06	3
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,02	0,10	80	1,03	0,08	9	1,04		1
Samtals	1,14	0,16	303	1,24	0,14	43	1,13	0,08	6

**Tafla 10:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum 2003. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	0,5	47,1	19,1	19,5		86,2
Staður 2	2,9	3,4	2,1	3,1		11,5
Staður 3	5,5	32,1	134,4	24,3		196,3
Fyrir neðan Glaumbæ						0,0
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	4,8	48,6		111,0		164,3
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú						0,0
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	32,7	163,3	115,1			311,0

**Tafla 11:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2003.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	12,6	42,9	19,5	80,9		155,9
2002	3,0	13,9	10,8	152,8	0,5	181,1
2003	6,6	42,1	38,7	22,6		109,9

**Tafla 12:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2003.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001*						0,0
2002	0,1					0,1
2003						0,0

\* eina bleikjan sem veiddist var ekki vigtuð

**Tafla 13:** Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2003.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	10,6	5,4	25,0			40,9
2002	73,5	21,3	51,2			146,0
2003	229,6	96,5	82,9			409,0

**Tafla 14:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2003.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	6	1758	1,54	3,13	1,08	1,08	
2002	8	1462	0,41	0,48	0,75	1,03	0,07
2003	7	1725	2,20	3,59	1,39	0,41	

**Tafla 15:** Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2003.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+
2001	6	1758	0,06			
2002	8	1462	0,14			
2003	7	1725				

**Tafla 16:** Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2003.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+
2001	6	1758	3,01	0,57	0,11	
2002	8	1462	7,46	0,27	0,55	
2003	7	1725	20,12	2,49	0,35	

Tafla 17: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2003.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,67	0,67	27	6,39	0,51	55	8,65	0,43	19	10,38	0,61	19			
2002	4,32	0,83	6	7,17	0,56	7	8,65	0,57	11	11,52	0,62	15	13,5		1
2003	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7			

Tafla 18: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2003.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,68	0,46	53	7,08	0,42	10	9,50		2						
2002	5,16	0,54	109	7,65	0,54	4	9,33	0,71	8						
2003	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6						

Tafla 19: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2003.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,52	0,75	6	2,91	0,50	48	7,68	1,83	18	12,39	2,15	19			
2002	0,67	0,22	6	3,93	0,80	7	5,26	1,62	11	16,81	4,01	15	21,30		1
2003	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7			

Tafla 20: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2003.

Ár	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,93	0,12	6	4,83	1,00	10	9,00		2			
2002	1,30	0,52	109	5,15	1,24	4	9,08	2,10	8			
2003	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	3,12	6			

2001	0,93	0,12	6	4,83	1,00	10	9,00	2
2002	1,30	0,52	109	5,15	1,24	4	9,08	8
2003	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	6

**Tafla 21:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2003 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,39	0,51	6	1,12	0,15	48	1,17	0,18	18	1,10	0,12	19			
2002	0,93	0,46	6	1,05	0,04	7	0,80	0,13	11	1,09	0,15	15	0,87		1
2003	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7			

**Tafla 22:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2003 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,15	0,18	6	1,35	0,06	10	1,04		2						
2002	0,93	0,24	109	1,13	0,05	4	1,10	0,06	8						
2003	1,14	0,16	303	1,24	0,14	43	1,13	0,08	6						

**Tafla 23:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2003.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	63	27	587
Sleppt	21	9	226
Afli	42	18	361

**Tafla 24:** Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2003.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	32	19	12	63
Sleppt	6	9	6	21
Afli	26	10	6	42

**Tafla 25:** Laxveiðin í Húseyjarkvísl 2003. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	19	2,6	65,5	6	2,7	20,7	4	2,5	13,8	29	2,6
2	4	5,2	33,3	3	4,8	25,0	5	5,5	41,7	12	5,2
Óvíst	9		40,9	10		45,5	3		13,6	22	
Alls	32	2,2	50,8	19	1,6	30,2	12	3,1	19,0	63	2,2




órlax

ils  
eðalþ.




2,6

5,2



2,2




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Húseyjarkvísl






Mynd 2a: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.






Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.




Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.




Mynd 3b: Lengdar- og aldersdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2003.



Mynd 4: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Húseyjarkvísl sumarið 2003.



Mynd 5: Þyngdardreifing veiddra laxa í Húseyjarkvísl sumarið 2003 eftir kyni.



Mynd 6: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2003.